

RIFF

ALÞJÓÐLEG KVIKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
24.09.2015–04.10.2015

DAGSKRÁ 2015
PROGRAMME 2015



EFNISYFIRLIT / CONTENTS

3.....	Sýningarstaðir / Venues
5.....	Miðasala / Ticket Sales
6.....	Ávörp / Addresses
9.....	RIFF í Kópavogi / RIFF in Kópavogur

KVIKMYNDIR / FILMS

11.....	Vitránir / New Visions
19.....	Fyrir opnu hafi / Open Seas
29.....	Önnur framtíð / A Different Tomorrow
37.....	Heimildarmyndir / Documentaries
51.....	Ísland í brennidepli / Icelandic Panorama
59.....	Sjónarrönd: Danmörk / In Focus: Denmark
65.....	Masters / Meistarar
66.....	David Cronenberg
70.....	Margarethe von Trotta
72.....	Sólveig Anspach
75.....	Erlendar stuttmyndir / International Shorts

VIÐBURÐIR / EVENTS

83.....	Sérviðburðir / Special Events
89.....	Fræðsla og meistaraspjöll / Panels and Masterclasses
92.....	Barnakvikmyndahátíð RIFF / Children & Youth Festival
95.....	RIFF Around Town

UPPLÝSINGAR / INFORMATION

96.....	Verðlaun / Awards
99.....	Starfsfólk / Staff
101.....	Atriðisorðaskrár / Indexes

DAGSKRÁIN / THE PROGRAM

VELKOMIN Á KVIKMYNDAHÁTÍÐINA RIFF! WELCOME TO RIFF!

Í þessum bæklingi eru fjölmargar myndir og miklar upplýsingar. Hér eru nokkrir punktar sem hjálpa þér að nýta dagskrárbæklinginn sem best.

This programme contains a lot of films and a lot of information. Here are some tips to help you make good use of the booklet:

Myndunum er raðað eftir **flokkum**. Hver flokkur hefur sinn lit. Ef þú veist ekki hvaða flokk þú ert að skoða, kíktu þá upp í hægra hornið.

*The films are arranged by **category**. Each category has a colour. If you're not sure what category you're looking at, check the top right corner.*



Eftir myndirnar koma **sérviðburðir**. Sérviðburðir eru ekki hefðbundnar kvikmyndasýningar heldur annars konar viðburðir eins og sundbiói eða tónleikar. Passar og klippikort gilda alla jafna ekki inn á sérviðburði.

*After the films, our **special events** are listed. Special events aren't traditional film screenings but different events such as pool screenings or concerts. Passes and Coupon cards are not valid for special events.*



Aftast í bæklingnum er **atriðisorðaskrá**. Þar geturðu flett upp öllum titlum á öllum tungumálum, nöfnum allra leikstjóra og löndunum sem myndirnar eru frá.

*At the back of this booklet you'll find an **index** with all film titles in all languages, all directors and all countries.*



Athugið að sýningartímar geta breyst og myndir geta flust á milli sala eða bióhúsa. Það er ekki vitlaust að kíkja á **riff.is** áður en þú leggur af stað, bara til að vera viss!

*Please be aware that screening times may change and films may move between screens. Check **riff.is** for the latest information, just to be sure.*



'Q&A' sýningar eru sýningar þar sem leikstjórar eða aðrir aðstandendur myndarinnar svara spurningum áhorfenda eftir myndina.

*After **Q&A** screenings, the director or another representative of the film will discuss the film and answer questions.*



Sumar myndir eru ekki við hæfi barna. Þær eru merktar svona:

Some of our films don't suit children. They're marked with this icon:



SÝNINGARSTAÐIR / VENUES

- TJARNARBÍÓ**
Tjarnargötu 12, 101 Reykjavík
Sími / Tel: 527-2102 & 848-5783
- HÁSKÓLABÍÓ**
Hagatorgi, 107 Reykjavík
Sími / Tel: 591-5145 & 828-9251
- NORRÆNA HÚSIÐ / THE NORDIC HOUSE**
Sturlugötu 5, 101 Reykjavík
Sími / Tel: 551-7026
- BÍÓ PARADÍS**
Hverfisgötu 54, 101 Reykjavík
Sími/Tel: 412-7711

MÍÐSTÖÐ RIFF & KAFFIBAR / FESTIVAL CENTER & CAFÉBAR

- TJARNARBÍÓ**
Tjarnargötu 12, 101 Reykjavík
Sími / Tel: 527-2102 & 848-5783
Opíð á milli 12:00 - 21:00 daglega /
Open 12:00 - 21:00 daily

SÉRVIÐBURÐIR / SPECIAL EVENTS & RIFF AROUND TOWN

- A Sundhöll Reykjavíkur**
Barónsstíg 45 A, 101 Reykjavík
- B Stúdentakjallarinn**
Sæmundargötu 4, 101 Reykjavík
- C Loft Hostel**
Bankastræti 7, 101 Reykjavík
- C Cintamani**
Bankastræti 7, 101 Reykjavík
- D Borgarbókasafn Reykjavíkur**
Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
- E Center Hotel Plaza**
Ingólfstorgi, 101 Reykjavík

SÉRVIÐBURÐIR Í KÓPAVOGI / SPECIAL EVENTS IN KÓPAVOGUR

- Sundlaug Kópavogs**
Borgarholtsbraut 17, 200 Kópavogi
- Gerðarsafn**
Hamraborg 4, 200 Kópavogi
- Molinn**
Hábraut 2, 200 Kópavogi
- Salurinn**
Hamraborg 6, 200 Kópavogi
- Bókasafn Kópavogs**
Hamraborg 6A, 200 Kópavogi



WE'LL TAKE YOU THERE!

ALL THE MOST EXCITING PLACES IN ICELAND

Free WiFi 

A PROUD PARTNER OF:



Reykjavik International Film Festival

ALLOW US TO PRESENT ICELAND TO YOU IN FULL HD FROM THE WINDOWS OF OUR BUSES IN FULL COMFORT.



LET US BE A PART OF YOUR OWN STORY, EXPERIENCE A GREAT DAY WITH US!



Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

MIÐASALA / TICKET SALES

MIÐASALA:

- Miðasala fer fram á vefsíðunni riff.is og í Tjarnarbíói frá 17. september. Sala hefst bióunum frá 24. september.
- Upplýsingamiðstöð og miðasala hátíðarinnar er í **Tjarnarbíói, Tjarnargötu 12. S: 843-5779.**
- **Opið virka daga frá 12:00-22:00 og 12:00-17:00 um helgar.** Miðasalan í Tjarnarbíói verður lokað sunnudaginn 4. október. Opnunartími upplýsingamiðstöðvar í Tjarnarbíói dagana fyrir hátíð verður auglýstur á riff.is
- Athugið að hver mynd er aðeins sýnd örfáum sinnum og því er um að gera að tryggja sér miða um leið og miðasala hefst.
- Af tillitsemi við gesti hátíðarinnar er hætt að hleypa inn í sal 15 mínútum eftir auglýstan sýningartíma.
- Allar myndir hátíðarinnar eru með enskum texta eða ensku tali nema annað sé tekið fram.

TICKET SALES:

- Tickets will be available on our website riff.is and in Tjarnarbíói starting September 17. Tickets are on sale in the cinemas from **September 24th onwards.**
- Our information and ticketing centre is located at **Tjarnarbíói, Tjarnargata 12. Tel.: 843-5779.**
- **Open weekdays 12:00-22:00 and 12:00-17:00 on weekends.** Opening hours of the information center prior to the event will be published on riff.is
- Each film is only screened a few times during the festival. We recommend securing tickets as soon as they are on sale.
- Out of respect for our guests, entry is barred 15 minutes after the screening begins.
- All of the films are either screened with English dialogue or English subtitles unless otherwise stated.

ALLT UM PASSANN:

- Handhafar hátíðarpassa geta sótt miða á stakar sýningar í bióhúsum **frá kl. 16:00 daginn fyrir sýningu.**
- Hámarksúttekt er **4 miðar í einu.**
- Ekki er hægt að taka út miða á sýningar sem skarast.
- Ef passahafa snýst hugur getur hann skipt miða í miðasölu.
- Það er einungis hægt að nýta passann einu sinni á hverja kvikmynd.
- Athugið að framboð miða fyrir passahafa getur verið takmarkað í einstaka tilfellum.
- Passinn gildir ekki á sérvíðburði.
- Athugið að framvísa þarf passanum og aðgöngumiða saman og að dyraverðir geta krafist skilríkja.
- Passinn veitir ekki heimild til að fara fram fyrir röð.

ALL ABOUT THAT PASS:

- Passholders can pick up tickets in the cinemas **from 16:00 on the day before the desired screening.**
- Passholders may only withdraw tickets for **four screenings** at a time.
- It is not possible to obtain tickets for overlapping screenings.
- If you change your mind you can exchange your ticket at the box office.
- The Festival Pass is only valid for one screening of each film.
- Please note that for some screenings the number of tickets for passholders can be limited.
- The Festival Pass is not valid for special events.
- You will have to display both your pass and your ticket of admission once entering the cinema. The usher may ask for your identification.
- The Pass does not allow you to cut queues.

MIÐAVERÐ / TICKET PRICES:



Stakur miði / Single ticket

1.400 KR.

Klippikort / Coupon Card

8 miðar /8 tickets

8.800 KR.

Hátíðarpassi / Festival Pass

Gildir á allar myndir, ekki sérvíðburði /
Valid for all screenings, not special events

11.500 KR.

Fyrir nema og eldri borgara /
for students and seniors:

9.500 KR.

ÁVÖRP / ADDRESSES



HRÖNN MARINÓSDÓTTIR

Hátíðarstjórnandi
Festival Director

Verið velkomin á tólftu Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Reykjavík! Við erum sérstaklega stolt af því að geta í ár kynnt dagskrá þar sem hlutfall kvenleikstjóra er með hæsta móti - eins og lagt var upp með. Karlar hafa verið í óeðlilegum meirihluta í greininni allt frá upphafi og nú er tími kvenna kominn. Þær láta því ljós sitt skína í dagskrá þessa árs, á bak við myndavélina en líka framan við linsuna í bitastæðum og marglaga hlutverkum, sönnum og leiknum. Það er sérstakur heiður að taka á móti Margarethe von Trotta, en birtingarmyndir kvenna í kvikmyndum hafa verið henni hugleiknar og hún hefur unnið þrekvirki í að vikka þann kvarða.

En vitaskuld skal ekki rýrð kastað á karlana sem leggja til dagskrárinnar. Þeir eru ekki síðri listamenn. Auk fjölda upprennandi leikstjóra tókum við fagnandi á móti David Cronenberg sem hefur verið einn frumlegasti kvikmyndagerðarmaður heimsins um langt skeið.

Lífið er stutt og fullt af löngum, æðislegum bíómyndum. Og stuttum. Þannig að drífið ykkur í bíó! Hugsið endilega hlýlega til samstarfsaðila okkar og starfsfólks sem hefur unnið ómetanlegt starf í aðdraganda hátíðar. Ég á þeim bestu þakkir skildar.

Welcome to the 12th edition of RIFF! We're especially proud to be able to present a programme where the ratio of female to male directors is exceptionally positive - just like we set out to do. Filmmaking has been abnormally male-centered from the beginning and it's time to do something about it. So let the women shine as they do in this year's programme, both behind the camera and in front of the lens in juicy and multi-layered roles, either fictional or real. We are honoured to welcome Margarethe von Trotta, who has been instrumental in expanding the scale of representation afforded to women in films.

All of this, of course, is not to cast a shadow on the men's contribution, which is once again artful and important. Numerous up-and-coming directors will join us at the festival and we are very happy to welcome David Cronenberg who is one of the most original working film directors in the world today and over the past four decades.

Life is short and full of long and amazing films. And short ones too. So go to the movies! And while you're at it, send kind thoughts to our sponsors and staff who have worked day and night to make the event come together. I'm tremendously grateful for their work.



ILLUGI GUNNARSSON

Menntamálaráðherra

Minister of Education and Culture

Listin á sér margar birtingarmyndir en kvikmyndin er að margra mati einn áhrifamesti menningarmiðill nútímans. Á tímum hnattvæðingar og aukinnar einsleitni er því æ mikilvægara að bera á borð allan þann fjölbreytileika sem heimsbyggðin býr þó enn yfir. RIFF gefur okkur tækifæri til að fá innsýn í menningu og tungu annarra þjóða og kynnast því allra ferskasta með glænýjum kvikmyndum ungra leikstjóra en einnig verkum þekktara og reyndra kvikmyndahöfunda. Heimildarmyndir skipa sífellt stærri sess í dagskrá hátíðarinnar og myndir, sem láta sig sérstaklega varða mannréttindi, lífsgæði og umhverfismál, fá ríkulegt pláss. Kvikmyndahátíðin er einnig ekki síður mikilvægur

vettvangur fyrir íslenska kvikmyndagerðarmenn til að kynna verk sín fyrir umheiminum.

Það er sérstakt fagnaðarefni að fá hingað til lands kanadíska hrollvekjumeistarann David Cronenberg og brautryðjandann Margarethe von Trotta sem munu bæði taka á móti heiðursverðlaunum hátíðarinnar fyrir æviframlag sitt til kvikmyndalistarinnar.

Unnendur góðra kvikmynda eiga því bjarta daga í vændum þegar RIFF verður hleypt af stokkunum í tólfta sinn. Ég vona að sem flestir njóti þess sem hátíðin býður upp á í ár.

Art has many forms but many believe that cinema can accurately be named one of the most influential art forms in our day and age. At a time of globalization and increased monotony it is ever more important to embrace the diversity of the world. As one of Iceland's highest attended cultural event, the main purpose of the festival is to provide both Icelandic and international filmgoers with a wide selection of alternative, independent cinema, the newest and freshest ideas from young filmmakers but also the proven work of experienced and renowned film auteurs. RIFF also opens up the world of Icelandic filmmaking and showcases it to the outside world, thus building a bridge between Icelandic cinema and international filmmaking.

We welcome especially the legendary Canadian film director David Cronenberg and German film pioneer Margarethe von Trotta who will both be guests of honour at this year's RIFF.

Those who appreciate good cinema are expecting a real banquet when RIFF begins for the twelfth time this autumn. I hope you will enjoy what the festival has to offer.



DAGUR B. EGGERTSSON

Borgarstjóri

Mayor

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin RIFF hefur fyrir löngu skipað sér fastan sess í menningarlífi borgarinnar á haustin. Hátíðin er ekki bara vinsæl meðal kvikmyndaáhugafólks hér heima heldur hefur hún skapað sér gott orðspor á alþjóðlegum vettvangi og dregur á hverju ári að sér meiri fjölda erlendra gesta. Þetta er í tólfta sinn sem kvikmyndahátíðin er haldin hér í Reykjavík. Sem fyrr hefur hátíðin í heiðri markmið um að kappkosta að sýna myndir ungra framsækinnna leikstjóra með sérstaka áherslu á umhverfis- og mannréttindamál. Í ár gefst borgarþúum og öðrum gestum tækifæri til að sjá yfir 100 kvikmyndir og kynna sér kvikmyndaalist og menningu frá yfir 40 löndum. En RIFF er ekki bara

vettvangur til að njóta alþjóðlegra kvikmynda, því samhlíða hátíðinni er metnaðarfull fræðsludagskrá og hliðarviðburðir. Þar skipar sérstaka Reykjavíkur, náttúran og íslensk kvikmyndagerð stóran sess.

Ég óska aðstandendum RIFF til hamingju með þessa metnaðarfullu dagskrá hátíðarinnar í ár – og hlakka til að fara í bíó!

The Reykjavik International Film Festival has long since established itself as an important cultural event marking autumn in the Capital City. RIFF not only attracts Icelandic film-enthusiasts, as by now it is a renown film-festival, drawing more foreign guests to Iceland every year.

This is the twelfth time we celebrate the film festival here in Reykjavik. As always, RIFF focuses on introducing fiction films and documentaries from young and upcoming directors, with a particular emphasis on human rights and environmental issues.

This time around, guests can choose from over 100 films presenting culture from over 40 countries. At the same time, the organizers offer ambitious side-events with seminars and workshops on international films and trends. The city of Reykjavik plays an important role as a location for these events, as well as Icelandic nature and film industry. I extend my compliments to the organizers of RIFF for this ambitious programme, and look forward to going to the movies!



Í NAFNI KVENNA

IN WOMEN'S NAME

GIORGIO GOSETTI

Dagskrárstjóri

Main Programmer

Þessi hátíð verður lengi í hjarta mér: Teymið sem kom henni á koppinn, allar frábæru myndirnar sem okkur bauðst að sýna, hvernig stolt kvenna gaf tóninn fyrir myndavalið, og tveir sannkallaðir kvikmyndameistarar (mjög ólík, hvort þeirra hefur haft áhrif á mitt líf sem og allra sannra kvikmyndaáhugamanna) sem ég hlakka til að bjóða velkomna í Reykjavík. En ofar öllu vil ég á þessari hátíð minnast Sólvéigar Anspach sem lést fyrir aldur fram í sumar. Hún var fyrsta manneskjan sem gat skýrt fyrir mér hversu klikkað, hlýlegt og einstakt Ísland er. Hún var frábær kvikmyndagerðarkona og kær vinur, yndisleg kona og sannkallaður listamaður. Elsku Sólvéig, ekki fara!

I'll save for long this edition of RIFF in my heart: The great team, the good films offered to the festival, the main theme of women's pride leading the whole selection, and two incredible masters (so different, each very important to my life and in the personal experience of any filmgoer) who we welcome to Reykjavik. But this festival will above all resonate to the name of Solveig Anspach who sadly passed away this summer. She was the first person I met who could explain me how crazy, warm and unique Iceland is; she was a great filmmaker and a dear friend, she was a fantastic woman and a real artist. Please Solveig, stay with us!



CHRIS MCDONALD

Dagskrárstjóri heimildarmynda

Documentary Programmer

Heimildarmyndir verða æ vinsælli. Þær kveikja í ímyndunaraflinu og geta jafnvel haft jákvæðar afleiðingar í samfélaginu. Það er vitaskuld ekkert skilyrði að kvikmynd breyti heiminum en það er gott að vita til þess að bió geti bæði frætt okkur og skemmt. Það er því heiður að kynna Íslendinga fyrir á fjórða tug heimildarmynda í ár. Allt eru þetta glænýjar myndir; sumar eru nýbúnar að vinna verðlaun á virtum kvikmyndahátíðum en aðrar eru frumsýndar alþjóðlega hér. Margir leikstjórnara sækja hátíðina líka heim. Þeir iða í skinninu af tilhlökkun yfir að skoða landið og kynnast áhorfendum. Bjóðum þá velkomna á RIFF og þökkum þeim fyrir myndir þeirra, hvort sem þær opna augu okkar, fá þau til að hringsnúast eða vökna. Allar hjálpa þær okkur alltént að kynnast sjálfum okkur betur. Það er ekki auðvelt að gera heimildarmynd; það krefst ótrúlegrar ástríðu og mikilla hæfileika og fyrir það ber að þakka. Að lokum vil ég þakka samstarfsmönnum mínum fyrir að setja saman, enn á ný, andrika og örvandi hátíð.

Documentaries continue to grow in popularity, capture our imaginations and, if lucky, create positive social impact. Not all docs can or should aspire to change the world, but it is reassuring to know that they have the ability to enlighten as well as entertain. This year we are proud to present nearly forty remarkable docs from across the globe. All are new films, some just having won awards at prestigious festivals, and others making their international debuts here at RIFF. Several of our guest directors join us at the festival as well, and they are anxious to explore this fascinating country and engage, debate and share their films with our local audience. Please join us in welcoming them to RIFF and thanking them for their eye-opening, gut-wrenching or side-splittingly funny work. Whatever the subject, these films all help us understand ourselves, our world and each other a little better. Making documentaries isn't easy, and they accomplish it with tremendous passion and enormous talent, for which we are most grateful. Finally, congratulations to all of my festival colleagues for another inspired and inspiring festival. Their hard work is extremely important, and very much appreciated.



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

Bæjarstjóri í Kópavogi
Mayor of Kópavogur

Velkomin í Kópavog!

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar hefur í annað sinn styrkt RIFF, Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík. Tilgangurinn er að fá í Kópavog ýmsa viðburði hátíðarinnar og auka fjölbreytni í lista- og menningarlífi bæjarins. Líkt og í fyrra verður miðpunktur hátíðarinnar í þremur menningarhúsum Kópavogsbæjar; Gerðarsafni, Salnum og í Bókasafni Kópavogs, en einnig verður sundsýning í Kópavogslaug og námskeið í kvikmyndagerð fyrir skólabörn.

Lista- og menningarlíf hefur ávallt verið gróskumikið í Kópavogi og er nú markvisst unnið að því að efla starfsemi menningahúsa bæjarins enn frekar og skapa þar lífandi og frjóan menningar- og miðbæjarkjarna sem laðar að bæjarbúa og aðra gesti, allan ársins hring. Þátttaka í RIFF er liður í því. Er sú vinna jafnframt í takt við nýja menningarstefnu Kópavogsbæjar.

Viðburðir RIFF í Kópavogi eru fjölbreyttir og hvet ég alla til að kynna sér dagskrána á riff.is og kopavogur.is. Vonandi finna sem flestir eitthvað við sitt hæfi. Njótið vel!

Welcome to Kópavogur!

The Cultural Committee of Kópavogur has sponsored RIFF for a second time. Arts and culture have always thrived in Kópavogur and we are happy to have part of the festival take place in our town and to enrich the cultural landscape here. Just like last year, the festival's events will be centered around our three cultural buildings: Gerðarsafn Museum, Salurinn Music Hall and Kópavogur Library. Furthermore, a swimming pool screening will take place in our municipal pool and our school children are given filmmaking courses.

As you can see, the RIFF programme in Kópavogur is diverse and I encourage you to stay informed via riff.is and kopavogur.is. Hopefully, everyone will find something that suits them. Enjoy!



DAGSKRÁ RIFF Í KÓPAVOGI / RIFF PROGRAM IN KÓPAVOGUR 2015:

SUNDBÍÓ / SWIM-IN CINEMA Bls. / Page 85

KVIKMYNDAKOMMÚNAN / THE FILM COMMUNE Bls. / Page 89

BÓKASAFN VERÐUR BÍÓ / CINEMA AT THE LIBRARY Bls. / Page 93

SÉRSÝNING Í GJÁBAKKA / SCREENING IN GJÁBAKKI Bls. / Page 86

DÁLEIÐSLA OG KVIKMYNDALIST / HYPNOSIS AND FILMMAKING Bls. / Page 86

PÓLSKAR HREYFIMYNDIR / POLISH ANIMATION Bls. / Page 86

HUMARSÚPA INNIFALIN / LOBSTER SOUP INCLUDED Bls. / Page 86

PÓLSK KVIKMYNDA- OG MYNDLIST / POLISH CINE ART Bls. / Page 88

KVIKMYNDATÓNLEIKAR: KVÖLDSTUND MEÐ WOODY ALLEN / FILM CONCERT: A NIGHT WITH WOODY ALLEN Bls. / Page 88

STUTTMYNDANÁMSKEIÐ / SHORT FILM WORKSHOP

EINNAR MÍNÚTU MYNDANÁMSKEIÐ / ONE MINUTE WORKSHOP



KÓPAVOGSBÆR

Höfundakvöld í Norræna húsinu

Fyrsta þriðjudag í hverjum
mánuði í allan vetur kl. 19:30



Norræna húsið
The Nordic House



1. september

Jens Andersen (DK)

6. október

Einar Már Guðmundsson (IS)

3. nóvember

Camilla Plum (DK)

1. desember

Rawdna Carita Eira (NO/samísk)

12. janúar

Kristina Sandberg (SE)

2. febrúar

Gaute Heivoll (NO)

1. mars

Åsne Seierstad (NO)

5. apríl

Susanna Alakoski (SE/FI)

3. maí

Tilkynnt síðar

VITRANIR

NEW VISIONS

Í Vitrunum tefla tólf nýir leikstjórar fram sinni fyrstu eða annarri mynd og keppa um aðalverðlaun hátíðarinnar, Gullna lundann. Þessar myndir ögra viðteknum gildum í kvikmyndagerð og vísa veg kvikmyndalistarinnar til framtíðar.

Twelve up and coming directors present their first or second feature film and compete for our main prize, the Golden Puffin. These films challenge cinematic conventions and pave the way for tomorrow's cinema.



Go home with a story worth telling!

www.adventures.is



OPERATIONS • 30 YEARS OF ADVENTURES
Iceland's
#1
Adventures
Activity
Operator



**arctic
adventures**



info@adventures.is | +354 562-7000 | Downtown Reykjavík Sales Office at Laugavegur 11

Rafting • Ice Climbing • Snorkeling • Diving • Glacier Hike • Canoeing • Hiking • Kayaking • Cycling • Surfing
Boat Ride • Hot Spring • Swimming • Climbing Super-Jeep • Caving • Horse Riding • Sightseeing • Snowmobile
Whale Watching • ATV • Incentive • Skiing • Mountain Hut • Camping • Combo Trips

NORDIC PREMIERE
NORÐURLANDAFRUMSÝNING

Leyla Bouzid FRA/TUN/BEL/JAE 2015 / 102 min

AS I OPEN MY EYES

ÞEGAR ÉG OPNA AUGUN / A PEINE J'OUVRE LES YEUX

25.09 HÁSKÓLABÍÓ Q&A	20.00	30.09 BÍÓ PARADÍS	16.00
27.09 BÍÓ PARADÍS Q&A	19.45		

Túnis, sumarið 2010, skömmu fyrir byltinguna. Farah er 18 ára. Hún er nýtskrifuð og fjölskyldan vonar til að hún fari í læknanám. Farah er ekki jafnviss; hún syngur í pólitískri rokkhljómsveit, elskar lífið og að detta í það. Hún kannar ástina og stórborgina að næturlagi, allt í óþökk móður sinnar sem gjörþekkir Túnis og hættur hennar.

Tunisia, summer 2010, just before the Revolution: Farah, 18 years old, has just graduated and her family wants her to be a doctor. But she isn't as sure. She sings in a political rock band, has a passion for life, gets drunk, discovers love and her city by night against the wishes of her mother, who knows Tunisia and its dangers all too well.

NORDIC PREMIERE
NORÐURLANDAFRUMSÝNING

Michal Vinik ISR 2015 / 83 mins

BARASH

26.09 BÍÓ PARADÍS	20.00	04.10 BÍÓ PARADÍS	19.30
29.09 BÍÓ PARADÍS	22.00		

Þegar ný stelpa með óðrúvisi hágreiðslu byrjar í skólanum breytist líf Na'ama Barash. Hún er 17 ára og grútleiðist úthverfalífið með fjölskyldu sinni. Nýja stelpa kynnr hana aftur á móti fyrir spennandi heimi fíkniefna, lesbía og kynlífs. Skyndilega er lífið spennandi og allar hugmyndir hennar um heiminn gætu breyst.

When a new girl appears at school, with a different haircut from the others, Na'ama Barash's life changes. She's seventeen, bored to death and living in the suburbs with her family. The new girl introduces her to an exciting world of drugs, lesbians and forbidden sex. Suddenly, life is exciting and all her ideas of the world might change.

NORDIC PREMIERE
NORÐURLANDAFRUMSÝNING

Visar Morina KOS/GER 2015 / 104 min

BABAI

FAÐIR

25.09 BÍÓ PARADÍS Q&A	19.45	01.10 BÍÓ PARADÍS	15.30
27.09 HÁSKÓLABÍÓ Q&A	16.00		

Nori er útsjónarsamur tíu ára drengur sem framfleytir sér með því að selja vindlinga á götum Kósóvó ásamt föður sínum Gesim. Hart er í ári og þegar feðgarnir hafa ekki í nein hús að venda heldur Gesim til Þýskalands í von um betra líf. Nori er staðráðinn í að fylgja föður sínum og heldur einn síns liðs í hættuför um Evrópu í leit að honum.

Nori is a clever ten year old boy who, along with his father Gesim, sells cigarettes on the streets of Kosovo to make a living. When they wind up homeless Gesim decides to go to Germany in search of a better life. Determined to stay with his father, Nori embarks on a dangerous voyage through Europe to follow Gesim.

NORDIC PREMIERE
NORÐURLANDAFRUMSÝNING

Trey Edward Shults USA 2015 / 83 min

KRISHA

24.09 HÁSKÓLABÍÓ	18.00	30.09 BÍÓ PARADÍS Q&A	20.00
27.09 HÁSKÓLABÍÓ	18.15	01.10 BÍÓ PARADÍS Q&A	18.00

Krishna snýr aftur til fjölskyldu sinnar eftir langa baráttu við áfengisfíkn. Það sem hefst sem falletgur vitnisburður um vilja og getu fjölskyldunnar til að fyrirgefa snýst fljótt upp í andhverfu sína þegar gömul sár ýfast upp og gremja brýst upp á yfirborðið. Myndin vann bæði dómnefndar- og áhorfenda-verðlaun á South by Southwest hátíðinni 2015.

Following a prolonged battle with addiction Krisha returns to her family. But what begins as a moving testament to the family's capacity to forgive soon spirals into a deluge of emotional bloodletting as old wounds are torn open and resentments are laid bare. Winner of both Grand jury prize and Audience awards at South By Southwest 2015.





— *Find us in* —
REYKJAVÍK
— CENTRUM —



- Elegant bistro menu
- Service with a smile
- Cozy atmosphere
- Great location

 **CAFÉ PARIS**
BAR - RESTAURANT

www.cafeparis.is



Jonas Carpignano ITA/FRA/USA/GER/QAT 2015 / 107 min

MEDITERRANEA

VIÐ MIÐJARÐARHAF

28.09 HÁSKÓLABÍÓ 20.15 **03.10** HÁSKÓLABÍÓ **Q&A** 14.00
02.10 HÁSKÓLABÍÓ **Q&A** 20.00

Tveir vinir ferðast frá Burkina Faso til Ítalíu í leit að betra lífi. En líf innflytjandans er erfiðara en þeir þjuggust við. Ayiva aðlagast vel og er boðinn velkominn á heimili vinnuveitanda síns. Abas þarf hins vegar að glíma við mun erfiðari aðstæður. Myndin hlaut 'One Future' verðlaunin á kvikmyndahátíðinni í München.

Two friends travel from Burkina Faso to Italy in search of a better life. But the immigrant's life is harder than they expected. Ayiva settles in and is welcomed into his employer's family. Meanwhile, Abbas is faced with a much harder reality. The film was awarded the One Future Prize at Munich Film Festival.



Senem Tüzen TUR/GRC 2015 / 93 min


MOTHERLAND

FÓSTURJÖRD / ANA YURDU

24.09 BÍÓ PARADÍS 19.30 **03.10** BÍÓ PARADÍS 19.30
29.09 BÍÓ PARADÍS 17.30

Þegar Nesrin snýr aftur í þorp foreldra sinna til að ljúka við skáldsöguna sína og uppfylla drauminn um að verða rithöfundur bankar íhaldssöm móðir hennar óvænt upp á og neitar að fara. Mæðgurnar neyðast því til að horfast í augu við myrkríð í sálu hvorrar annarrar. Myndin hlaut verðlaun í Istanbul og Thessaloníki meðan hún var enn á þróunarstigi.

Nesrin goes back to her parents' old village in Anatolia to finish her novel and fulfill her dream of being a writer. When her conservative mother turns up uninvited and refuses to leave, the two women are forced to confront the darkness within each other. Festival awards in Istanbul and Thessaloniki while still in development.



Andrew Cividino CAN 2015 / 89 min

SLEEPING GIANT

RISINN SEFUR

29.09 BÍÓ PARADÍS 20.15 **02.10** BÍÓ PARADÍS **Q&A** 17.45
01.10 BÍÓ PARADÍS **Q&A** 19.30

Sumarfríð verður heldur líflegra þegar táningurinn Adam vingast við frændurna Riley og Nate sem sukka og stökkva fram af klettum. Þegar upp kemst um sársaukafullt leyndarmál reynir mjög á vinskapinn og drengirnir verða aldrei samir. Valin besta myndin eftir upprennandi leikstjóra á kvikmyndahátíðinni í München.

Teenager Adam's dull routine is shattered when he befriends Riley and Nate, cousins who pass their ample free time with debauchery and reckless cliff jumping. The revelation of a hurtful secret tests the bonds of friendship and changes the boys forever. Awarded Best film by an emerging director at the Munich Film Festival.



John Maclean GBR/NZL 2015 / 84 min

SLOW WEST

HÆGT Í VESTUR

25.09 BÍÓ PARADÍS 23.30 **29.09** BÍÓ PARADÍS 19.30
26.09 BÍÓ PARADÍS 17.30 **03.10** BÍÓ PARADÍS 19.30

Jay er ungur Skoti sem ferðast þvert yfir Bandaríkinn í leit að Rose, konunni sem hann elskar. Á ferð sinni kynnist hann útlaganum Silas sem slæst í för með honum sem leiðsögumaður. Jay veit ekki að Rose er eftirlýst og fé sett til höfuðs henni, lífs eða líðinni. Myndin vann dómnefndarverðlaunin á Sundance kvikmyndahátíðinni 2015.

Jay, a young man from Scotland, travels across the United States in pursuit of Rose, the woman he loves. He attracts the attention of Silas, an outlaw who is willing to serve as a guide. What Jay doesn't know is that Rose is wanted and a reward of \$2,000 has been offered if found dead. Awarded the Grand Jury Prize at Sundance Film Festival 2015.



Quick
drying



Good
breathability



Water
reppellent



PrimaLoft®
fill

FREYR is a light high quality PrimaLoft® jacket with water repellent outer layer. Very compressible and provides great breathability. **Designed and tested in Iceland.**



CINTAMANI



Rúnar Rúnarsson ICE/DEN/CRO 2015 / 99 min

SPARROWS

ÞRESTITR

02.10 HÁSKÓLABÍÓ **Q&A** 18.00

'Prestir' er dramatísk mynd um sextán ára pilt sem sendur er á æskustöðvarnar vestur á fjörðum til að búa með föður sínum sem hann hefur ekki séð í ein sex ár. Síðasta mynd Rúnars, 'Eldfjall,' (á RIFF 2011) vann til 18 stórverðlauna um heim allan.

'Sparrows' is a poetic drama about a 16-year old boy who lives with his mother in Reykjavík. She has to leave the country for a new job, sending him back to the remote, small town of his youth to live with his father whom he hasn't seen for six years. Rúnarsson's previous film, 'Volcano,' won 18 major awards around the world.



Magnus von Horn SWE/POL 2015 / 102 min

THE HERE AFTER

FRAMHALDSLÍF / EFTERSKALV

25.09 BÍÓ PARADÍS 22.00 02.10 BÍÓ PARADÍS **Q&A** 19.45
01.10 HÁSKÓLABÍÓ **Q&A** 20.15

John snýr aftur á heimili föður síns eftir dvöl í fangelsi fyrir ástríðuglæp sem hann framdi sem bráðlátur unglingur. Nú vill hann snúa baki við fortíðinni og reyna að aðlagast á ný samfélaginu sem hann kvaddi með svo aðfrifaríkum hætti nokkrum árum fyrr. En það eru ekki allir jafn tilbúnir til að fyrirgefa.

John returns to his father's home after being imprisoned for a passionate crime committed during the turmoil of teenage love. His only wish now is to put the mistakes of his past behind him and try to rejoin the community he so dramatically forced himself out of a few years earlier. But few of his old friends and neighbours are so ready to forgive.



Sebastian Ko GER 2015 / 95 min

WE MONSTERS

VÉR SKRÍMSLI / WIR MONSTER

25.09 HÁSKÓLABÍÓ 18.00 02.10 BÍÓ PARADÍS **Q&A** 18.00
01.10 HÁSKÓLABÍÓ **Q&A** 18.00

Skömmu eftir að Paul og Christine skilja gera þau sér grein fyrir áhrifunum á unglingsdóttur þeirra Söru. Hún verður óstýrlát og vís til alls, meðal annars að myrða bestu vinkonu sína. Þau reyna að vernda dóttur sína með því að hylma yfir glæp hennar. Þannig sameinast fjölskyldan á ný en sektarkennd, lygar og launráð varða veg þeirra til glötunar.

Recently separated Paul and Christine realise that their teenage daughter Sarah is capable of anything, including killing her best friend. Wanting to protect their daughter, they thus decide to cover up her crime. Their joined guilt forces the family back together, creating a web of lies and deadly intentions, with no way out.



Vahid Jalilvand IRA 2015 / 102 min

WEDNESDAY MAY 9

MÍÐVIKUDAGUR 9. MAÍ / CHAHARSHANBEH, 19 ORDIBEHSHT

24.09 HÁSKÓLABÍÓ 20.00 30.09 BÍÓ PARADÍS 14.00
28.09 HÁSKÓLABÍÓ 22.15

Óvenjuleg auglýsing í dagblaði í Tehran stefnir saman aragrúa fólks sem telur að auglýsingin sé laus vandamála sinna. Lögreglan reynir að dreifa mannfjöldanum og ná stjórn á stöðunni en tvær konur í hópnum ætla ekki að gefast upp.

An unusual advertisement in one of Tehran's morning papers gathers a large group of people in one place. They think that what's been advertised is the only solution to their problems. The police tries to calm those gathered and disperse the crowd but two women refuse to give up.

STAY IN THE CENTER

IN THE ♥ OF REYKJAVIK



In the heart of downtown Reykjavik, close to everything the city center has to offer, CenterHotels provide you with first class rooms, attentive service and a friendly atmosphere.

All CenterHotels are within short walking distance of each other right in the much sought after 101 city center and in close vicinity of the main shopping streets, galleries, theatres, restaurants and Harpa concert hall.

CenterHotels is a proud sponsor of Reykjavik International Film Festival 2015.



Reykjavik
International
Film
Festival



CENTER
HOTELS

FYRIR OPNU HAFI

OPEN SEAS

Á hverju ári þyrfa sömu myndirnar upp ryki á kvikmyndahátíðum víða um heim. Þetta eru meistarastykki sem eru sum hver úr smiðju þekkra kvikmyndagerðarmanna meðan önnur koma áhorfendum algerlega í opna skjöldu.

Every year a few distinct films make the headlines on the festival circuit. These are exciting – and sometimes masterful – works, some by established filmmakers, others by newcomers. Here we have the cream of this past year's crop.





TVENNU TILBOÐ

ÞÚ SÆKIR PIZZU OG STÓRAN SKAMMT AF BRAUÐSTÖNGUM EÐA
GOTT AÐ EIGIN VALI OG FÆRÐ AÐRA PIZZU SÖMU STÆRÐAR AÐ AUKI.



VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!

NÖRÐIC PREMIERE
NORÐURLANDAFRUMSYNING**Rodrigo Plá** MEX 2015 / 75 min**A MONSTER WITH A THOUSAND HEADS**ÞÚSUND HÖFÐA SKRÍMSLI / *UN MONSTRUO DE MIL CABEZAS*

25.09	BÍÓ PARADÍS	23.30	30.09	BÍÓ PARADÍS	22.15
28.09	BÍÓ PARADÍS	22.15	04.10	HÁSKÓLABÍÓ	18.00

Í órvæntingarfullri tilraun til að bjarga lífi eiginmanns síns lendir Sonia upp á kant við spilla starfsmenn tryggingafélagsins sem neitar að borga fyrir læknaaðstoðina sem hann þarf. Fyrr en varir hafa hún og sonur hennar sogast niður í ofbeldisfulla hringiðu. Sært dýr vælir ekki, það bitur.

In a desperate attempt to save her husband's life by obtaining the medical treatment that he needs to survive, Sonia embarks on a chase against her corrupt and negligent insurance company and its complicit representatives - leading her son and herself into a dizzying spiral of violence. A wounded animal doesn't cry, it bites.

NÖRÐIC PREMIERE
NORÐURLANDAFRUMSYNING**Athina Rachel Tsangari** GRC 2015 / 99 min**CHEVALIER**

RIDDARI

26.09	HÁSKÓLABÍÓ	22.00	03.10	HÁSKÓLABÍÓ	20.30
28.09	HÁSKÓLABÍÓ	20.00			

Í miðju Eyjahafi eru sex menn við veiðar á lúxussnekkju. Þeir ákveða að fara í leik sem snýst um að mæla hluti og bera saman, slátra lögum og bragða á blóði. Vínir verða keppinautar og brátt tekur keppinautana að hungra. Sótsvört gamanmynd úr framvarðarsveit „skrítnu“ grísku nýbylgjunnar.

In the middle of the Aegean Sea, six men on a fishing trip on a luxury yacht decide to play a game. During this game, things will be compared. Things will be measured. Songs will be butchered, and blood will be tested. Friends will become rivals and rivals will become hungry. A dark comedy from the forefront of the new Greek 'weird' wave.

NÖRÐIC PREMIERE
NORÐURLANDAFRUMSYNING**Hiroyuki Tanaka (Sabu)** JAP/FRA 2014 / 106 min**CHASUKE'S JOURNEY**JARÐARFÖR CHASUKE / *TEN NO CHASUKE*

24.09	HÁSKÓLABÍÓ	18.00	03.10	HÁSKÓLABÍÓ	14.00
27.09	BÍÓ PARADÍS	22.15			

Ástarfantasía sem flakkar milli himins og jarðar. Chasuke hellir upp á te á himnum en er hrifinn af mennskri konu sem heitir Yuri. Hann þekkir til hennar gegnum höfundinn sem skrifar handrit lífs hennar á himnum. Af sömu ástæðu veit hann að hún er dæmd til að deyja í bílslysi. Til að bjarga lífi hennar hættir Chasuke sér til Jarðar. Tilnefnd til Gulbjörnsins í Berlín.

A fantasy love story that drifts between this world and heaven. Chasuke is in charge of making tea in heaven. He has feelings for a human woman named Yuri whom he knows through a writer who is scripting her life from heaven. He knows that Yuri is condemned to die in a car accident. To save her, Chasuke descends into our world.

**Peter Greenaway** NED/BEL/FIN/MEX/FRA 2015 / 105 min**EISENSTEIN IN GUANAJUATO**

EISENSTEIN Í GUANAJUATO

27.09	HÁSKÓLABÍÓ	18.30	04.10	HÁSKÓLABÍÓ	14.00
29.09	HÁSKÓLABÍÓ	18.00			

Eftir frumsýningu meistaraverksins Beitiskipið Pótemkín var Eisenstein dáður um heim allan. Bandaríkjamenn tóku honum þó dauflega og árið 1931 ferðaðist hann til Mexíkó til að undirbúa næstu kvikmynd sína. Munúðarfull reynsla hans þar virðist hafa haft mikil áhrif á líf hans og feril. Tilnefnd til Gulbjörnsins á kvikmyndahátíðinni í Berlín.

On the back of his revolutionary film Battleship Potemkin, Eisenstein was celebrated around the world. Maliciously maligned in America, he travelled to Mexico in 1931 to prepare for his next film. There, his sensual experience appears to have been pivotal in his life and film career. Nominated for the Golden Bear at Berlinale.



sagafilm



WE MAKE TV & FILMS ALL YEAR ROUND

PRODUCTION SERVICE ICELAND

sagafilm.is / sagafilm@sagafilm.is



Ciro Guerra COL/VEN/ARG 2015 / 125 min

EMBRACE OF THE SERPENT

FÆMLAG NÖDRUNNAR / EL ABRAZO DE LA SERPIENTE

26.09 HÁSKÓLABÍÓ 20.00 30.09 BÍÓ PARADÍS Q&A 17.30
29.09 HÁSKÓLABÍÓ Q&A 20.00

Á 40 ára tímabili hafa tveir vísindamenn heimsótt töfralækninn Karamakate í Amazon þar sem hann er síðastur eftirlifandi af sínum ættbálki. Þeir eru í leit að heilagri plöntu sem hefur mikinn lækningamátt. Í þessari mögnuðu svart/hvítu mynd fylgjum við þeim í yfirskilvitega för inn í frumskógin. Myndin vann til verðlauna í Director's Fortnight flokknum í Cannes.

Over the course of forty years, Amazonian shaman Karamakate, the last survivor of his tribe, has been visited by two Western scientists who are trying to discover the secret of a miraculous and sacred healing plant. This remarkable black-and-white film follows the shaman as he joins them on a life-changing transcendental journey through the Amazon rainforest.



Kiyoshi Kurosawa JAP 2015 / 127 min

JOURNEY TO THE SHORE

STRANDFÖRIN / KISHIBE NO TABI

24.09 HÁSKÓLABÍÓ 22.00 28.09 BÍÓ PARADÍS 22.15
26.09 BÍÓ PARADÍS 21.30

Premur árum eftir að Yusuke drukkaði undan norðrönd Japans, snýr hann aftur heim til ekku sinnar Mizuki og býður henni í ferðalag að ströndinni þar sem hann kvaddi heiminn. Ljúfsár drauga-ástarsaga sem sýnir að nán tengsl rofna ekki handan lífs og dauða. Myndin hlaut leikstjórnarverðlaun í Un Certain Regard flokknum í Cannes.

Three years after drowning off the north coast of Japan, Yusuke returns to his wife Mizuki's doorstep and invites her on a journey to the shore where he met his untimely end. This bittersweet, haunted love story shows that some bonds are strong enough to transcend the boundaries of death. It recently won honours in the Un Certain Regard category at Cannes.



Aleksandr Sokurov FRA/GER 2015 / 90 min

FRANCOFONIA

25.09 BÍÓ PARADÍS 17.30 04.10 HÁSKÓLABÍÓ 22.15
26.09 HÁSKÓLABÍÓ 20.00

Francofonia tvinnar saman skáldskap og sögulegum heimildum svo úr verður mikilfengleg listræn heild. Þegar útsendari Hitlers kemst á snóðir um áætlanir foringja síns um að taka verðmæti Louvre safnsins í París í sína vörslu reynir hann að aðstoða safnstjórnann við að koma ómetanlegum listmunum undan. Ný mynd frá Aleksandr Sokurov sem hlaut heiðursverðlaun RIFF árið 2006.

'Francofonia' is the story of two remarkable men, Louvre director Jacques Jaujard and Nazi Occupation officer Count Wolf-Metternich whose alliance preserved priceless treasures. It explores the relationship between art and power, the Louvre museum as a living example of civilization, and what art tells us about ourselves even in the midst of bloody conflict.



Rodrigo García USA 2015 / 98 min

LAST DAYS IN THE DESERT

SÍÐUSTU DAGARNIR Í EYDIMÖRKINNI

27.09 HÁSKÓLABÍÓ 14.00 04.10 BÍÓ PARADÍS 13.30
02.10 BÍÓ PARADÍS 15.30

Ewan McGregor leikur Jesú Krist - og djöfulinn sjálfan - í myndaðri viðbót við fjörtíu daga og fjörtíu náttu föstu Krists í eyðimörkinni þar sem Satan freistaði hans. Á heimleið úr útleigðinni glímir Jesús aftur við djöfulinn um örlog fjölskyldu á vonarvöl og býr sig undir mikla þrekraun. Griðarlegt sjónarspil sem hreyfir við áhorfandanum.

Ewan McGregor is Jesus Christ - and the Devil - in an imagined chapter from his forty days of fasting and praying in the desert. On his way out of the wilderness, Jesus struggles with the Devil over the fate of a family in crisis, setting himself up for a dramatic test. Visually arresting, thought-provoking cinema.



Við framleiðum góðar hugmyndir!

Sérmerktur stuttermabolur með þínu merki er góð hugmynd.
Bros er stoltur umboðsaðili **Fruit of the Loom** og **Russell** á Íslandi.

Við eigum stóran lager og getum afgreitt sérmerktan stuttermabol
með stuttum fyrirvara.

Bros sérhæfir sig í sölu og merkingum á fatnaði og auglýsingavörum

Þjónusta okkar er persónuleg og skilvirk. Við seljum vöru og þjónustu sem á erindi í öll fyrirtæki landsins. Bros er með vottað ISO 9001 gæðastjórnunarkerfi. Vottunin tryggir öruggt verkskipulag og er viðskiptavinum til hagsbóta á margvíslegan hátt.



FRUIT OF THE LOOM®



NORDIC PREMIERE
NORÐURLANDA FRUMSYNING

Zhangke Jia CHI 2015 / 131 min

MOUNTAINS MAY DEPART

FJÖLLIN GÆTU FLÚID / SHAN HE GU REN

27.09 HÁSKÓLABÍÓ 22.30 04.10 BÍÓ PARADÍS 18.00
01.10 HÁSKÓLABÍÓ 22.45

Zhao Tao verður að gera upp á milli tveggja vonbiöla, fátæka námuverkamannsins Liangzi og auðjófursins Zhang. Við kynnumst ástum og örlögum þremninganna á þremur tímabilum; 1999, 2014 og 2025. Um leið fáum við einstaka sýn á gjána milli nyrkra fjármagnseigenda og vinnandi fólks í Kína. Tilnefnd til Gullpálmans í Cannes.

At a young age Zhao Tao must choose between two rival suitors, the poor coal-miner Liangzi and the wealthy entrepreneur Zhang. Across three distinct periods, 1999, 2014 and 2025, we observe the fate of these three modern Chinese citizens, whose lives echo the divide between the common people and the wealthy few. Nominated for the Palme d'Or at Cannes.



NORDIC PREMIERE
NORÐURLANDA FRUMSYNING

Deniz Gamze Ergüven FRA/GER/QAT/TUR 2015 / 97 min

MUSTANG

28.09 BÍÓ PARADÍS 22.20 03.10 HÁSKÓLABÍÓ 18.00
30.09 HÁSKÓLABÍÓ 22.15

Í smábæ í Norður-Tyrklandi eru Lale og systur hennar að leika sér við nokkra stráka á leið heim úr skólanum. Það veldur hneyksli sem hefur ófyrirséðar afleiðingar. Systurnar fimm þrá frelsi og finna leiðir til að sneiða hjá hindrununum sem verða á vegi þeirra. Myndin vann til verðlauna í Cannes, Sarajevó og Ódessa.

In a village in northern Turkey, Lale and her sisters are walking home from school, playing innocently with some boys. Their play sets off a scandal that has unexpected consequences. The five sisters long for freedom and find ways of getting around the constraints imposed on them. Awarded in Cannes, Sarajevo and Odessa.



OPNUNARMYND
OPENING FILM

Matteo Garrone ITA/FRA/GBR 2015 / 125 min

TALE OF TALES

SAGNASVEIGUR / IL RACCONTO DEI RACCONTI

24.09 HÁSKÓLABÍÓ 20.00 30.09 HÁSKÓLABÍÓ 18.00
26.09 BÍÓ PARADÍS 19.15 04.10 HÁSKÓLABÍÓ 18.15

